

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, mánudaginn 4. september 2023 og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður og Eva María Jónsdóttir. Anna Sigríður Þráinsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum Teams. Luciano Dutra mætti ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Skýrsla málnefndar 2020–2023

Formaður og ritari taka saman skýrslu um störf Íslenskrar málnefndar fyrir tímabilið 2020–2023. Skýrslan verður send til menningar- og viðskiptaráðuneytis.

2. Dagur íslenskrar tungu

Rætt var um að gera Íslenska málnefnd sýnilegri á degi íslenskrar tungu.

3. Málþing á vori

Rætt var um að halda málþing næsta vor. Ákvörðun verður þó ekki tekin fyrr en ný stjórn Íslenskrar málnefndar verður skipuð í byrjun næsta árs.

4. Önnur mál

a) Fundur fullskipaðrar málnefndar verður haldinn fimmtudaginn 19. október í Eddu.

b) Málræktarþing var haldið fimmtudaginn 28. september í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. Yfirskrift málræktarþingsins var Íslenskunám nýrra Íslendinga og héldu eftirtaldir erindi: Kristrún Heiða Hauksdóttir og Hallgrímur J. Ámundason, Stefanie Bade, Erla Guðrún Gísladóttir, Jóna Dís Bragadóttir, Kolbrún Friðriksdóttir og Grace Achieng. Ályktun ársins um stöðu tungunnar 2023 var kynnt. Viðurkenningar Íslenskrar málnefndar hlutu Ewa Marcinek og Natasha S. fyrir að breiða út íslensku sem bókmenntamál þeirra sem ekki hafa hana að móðurmáli og kaffibrennslan Valeria fyrir að breiða út íslensku sem aðaltungumálið í verslunar- og veitingageiranum.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 17:45

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.